



5. janúar 2022

Til Menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Frá stofnun Hjólakrafts slf árið 2014 hefur markmið félagsins alltaf verið það sama, en það er að leggja fólki lið við að komast til þess að gera frekar en að gera ekki. Upphaflega voru það eingöngu krakkar/unglingar sem unnið var með en þar sem foreldrar margra tóku þátt var opnað fyrir það í sjálfu sér.

Undirstaða starfsins hefur verið sú að Hjólakraftur var með samninga við nokkra skóla, bæði í borginni og eins í öðrum sveitarfélögum, um að koma þangað einu sinni til tvisvar í viku og hjóla með nemendum. Í sumum tilfellum var um að ræða val en einnig var um að ræða svokallað "bundið val" þar sem "frískir og hressir" nemendur voru eiginlega bara sendir út að hjóla með okkur. Eftir að Covid-faraldurinn skall á hefur þetta nær algjörlega fallið niður. Einnig var Hjólakraftur með samning við Þjónustumiðstöð Breiðholts um starfsemi hóps sem lagði stuðningsþjónustunni lið, til dæmis með því að taka við krökkum sem voru á biðlistum eftir liðveislum. Eftir að Keðjan tók við þessu fjármagni var sá hópur lagður niður, einhverra hluta vegna. Einnig hefur sá hluti hóps í Gufunesbæ sem greiddur var af Miðgarði verið felldur niður og nú er hópurinn í Gufunesbæ eingöngu skipaður krökkum úr Höllinni - og er helmingi fámennari en áður, þar sem Keðjan neitar að greiða fyrir þessa þjónustu.

Árið 2014 fór Hjólakraftur með eitt 10 manna lið í WOW Cyclothon. Árið 2015 voru liðin fjögur, árið 2016 voru liðin 13 - og sá fjöldi hélst ca árin 2017, 2018 og 2019. Árið 2020 var Cyclothonið ekki haldið vegna faraldursins og árið 2021 fór Hjólakraftur með 3 lið í Síminn Cyclothon - í síðasta skipti sem sá viðburður var haldinn. Það gefur því auga leið að fjöldi þeirra sem hafa rífið sig í gang og gert hluti með okkur er gríðarlegur.

Veturinn 2019-2020 var Hjólakraftur með samstarfssamning við SFS og Brúarskóla og réð í vinnu kennara. Nemendur sem komu frá Brúarskóla í þetta úrræði voru nokkrir.

Núna í haust setti Hjólakraftur í gang Heimanámsaðstoð á íslensku í aðstöðu við Völvufell sem kallast Brúin. Á tímabilinu ágúst-desember voru skráðar heimsóknir á annað þúsund.

Það sem hefur gert Hjólakrafti erfitt fyrir með fjármögnun (styrki og slíkt) er að allir hafa viljað hafa verkefnið í gangi, en enginn vill borga fyrir það. Verkefnið hefur skorið þvert á Velferðarsvið, Skóla- og frístundasvið og jafnvel fleiri svið, og þá er það skiljanlegt að þeir sem með fjármunina fara vilji hafa verkefnið en á sama tíma passa upp á niðurstöðutölur í ársskýrslum.

Mig langar, með þessu bréfi, að kanna það við Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð, hvort hægt sé að vinna einhvers konar samstarfssamning og halda þannig lífi í starfi Hjólakrafts slf amk þar til lífið kemst í eðlilegt horf eftir faraldurinn?

Valdi

Þorvaldur Danielsson

valdi@hjolakraftur.com

848-8822